

Nd.

560. Breytingartillögur

[152. mál]

við brtt. á þskj. 539 [Fiskveiðasjóður].

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 2. till. Meginmál tillögunnar orðist svo:

Fiskveiðasjóður heyrir undir ráðherra þann, sem fer með sjávarútvegs-
mál. Stjórn hans skal vera í höndum 7 manna, og kýs Alþingi 5 þeirra til 4 ára,
en 2 skulu tilnefndir, annar af Landssambandi íslenskra útvegsmanna, en hinn
af Alpýðusambandi Íslands, til sama tíma. Jafnmargir varamenn skulu kosnir
og tilnefndir af sömu aðilum til sama tíma. Stjórnin kýs sér formann og vara-
formann. Til þess að fundur sjóðsstjórnar sé lögmætur, þarf meiri hluti stjórnar
að sitja hann, og ræður einfaldur meiri hluti fundarins ákvörðun stjórnarinnar.

2. Við 4. till. Meginmál tillögunnar orðist svo:

Hámarkslánstími má vera sem hér segir: Lán út á fasteignir 20 ár og lán
út á skip 20 ár.

Lánstíma annarra lána ákveður stjórn sjóðsins.

3. Við 5. till. Tillagan orðist svo:

15. gr. frv. orðist svo:

Vextir af lánum Fiskveiðasjóðs út á skip skulu vera 4%, en af lánum út
á fasteignir 5½%. Vexti af öðrum lánum ákveður stjórn sjóðsins. Hún ákveður
og gjalddaga lána og önnur lánsskilyrði.

Dráttarvextir skulu vera ½% fyrir hvern mánuð, sem greiðsla dregst.